

Morgunblaðið

FÖSTUDAGUR 3. FEBRÚAR 2017

• Stofnað 1913 • 29. tölublað • 105. árgangur •



HÚS ÚR HÚSI
MEÐ VEISLU Í
FARANGRINUM

ELDHÚS SILLU 12



TRÖLL TIL FENEÝJA
ÚGH OG BÖÖGÁR TAKA Á SIG MYND 38

LEROY SIGRÁÐI Í
STUTTMYNDAKEPPNI
SÓLVEIGAR

SUNDFERÐIN MIKLA 41



Morgunblaðið/Ómar

Á þjóðveginum Rannsókn sýnir að Íslendingar kjósa að vinna nálægt heimabyggð.

Skattaafsláttur af akstri til að styrkja dreifðari byggðir?

■ Að veita þeim skattaafslátt sem þurfa að keyra yfir 20 km til vinnu er meðal þeirra hugmynda sem hafa komið upp til að reyna að styðja við dreifðari byggðir og stækka vinnusóknarsvæði, en slíkt er gert annars staðar á Norðurlöndum. Niðurstöður nýrrar rannsóknar á vinnusóknarsvæðum í nokkrum landshlutum sýna að Íslendingar kjósa að vinna nálægt heimabyggð og er því velt upp hvort framtíðarstefnan eigi að vera sú að reyna að stækka atvinnusvæði og fá fólk til að ferðast meira eða hvort framtíðarstefnan eigi frekar að vera sú að reyna að styrkja fleiri byggðarsvæði. »10

Úr einangrun og heim til Grænlands



Grímur Grímsson

■ Héraðsdómur Reykjaness úrskurðaði í gær einn mann í áframhaldandi gæsluvarðhald næstu tvær vikur, í máli Birnu Brjánsdóttur. Tveir menn hafa setið í gæsluvarðhaldi síðustu tvær vikur og var öðrum þeirra sleppt í gær. Hann hefur þó ennþá réttarstöðu sakbornings. „Hann heldur þessari réttarstöðu því hann kann að búa yfir upplýsingum um hvarf Birnu,“ segir Grímur Grímsson yfirlögregluþjónn. Maðurinn hélt heim til Grænlands í gærkvöldi. „Við fórum þess á leit við manninn að hann kæmi til baka ef á þyrfti að halda og hann ætlar að gera það ef farið verður fram á það,“ segir Grímur. »4

Gremja í garð ráðherra

● Útgerðarmenn telja að sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra gætu sýnt meiri lit á að höggva á hnúta í kjaradeilu útgerðarmanna og sjómanna

Agnes Bragadóttir
Helgi Bjarnason

Ákveðinnar gremju og óþreyju gætir í röðum útgerðarmanna í garð Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, sjávarútvegsráðherra og Benedikts Jóhannessonar, fjármálaráðherra, vegna andvaraleysis ráðherranna gagnvart verkfalli sjómanna.

Í samtölum við útgerðarmenn í gær kom þessi gagnrýni fram, þótt

útgerðarmenn væru með orðum sínum ekki að vísa frá sér og sjómönnum þeirri ábyrgð sem þeir bera á að leysa deiluna en vissuðu til þess að stjórnvöld réðu yfir ákveðnum tækjum til þess að höggva á hnúta.

Sömuleiðis hefur Morgunblaðið heimildir fyrir því að í þingflokki Sjálfstæðisflokksins sé farið að gæta óþreyju gagnvart aðgerðaleysi ofangreindra ráðherra. Lilja Alfreðsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins,

Engin bjartsýni

» Ríkissáttasemjari hefur boðað samninganefndir til fundar í Karphúsinu kl. 13 í dag.

» Formaður sjómanna segir að sáttasemjari sé einungis að uppfylla lagaskyldu sína um boðun sáttafundar.

segir í aðsendri grein í Morgunblaðinu í dag, að ríkisstjórnin geti ekki látið reka á reiðanum þegar helsta atvinnugrein landsmanna er í lamasesi. Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannaambands Íslands, á von á stuttum sáttafundi í dag. Ekkert nýtt hafi komið frá viðsemjendum sem gefi tilefni til þess að samningar gætu tekist.

» Pírringur smærri ... »6 og 21

Eldgos á Hallgrímskirkju



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Vetrarhátíð var sett í gærkvöldi með afhjúpun ljóslistaverksins Sköpun lands eftir Ingvar Björn

á Hallgrímskirkju. Hátíðin stendur í fjóra daga og taka öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu

þátt í henni. Meginstoðirnar eru Safnanótt, Sundlauganótt, Snjófögnuður og Ljósalist.

Á þröskuldi nýrra tíma

● Nanólyfjatekni eykur skilvirkni krabbameinslækninga

Vilhjálmur A. Kjartansson
vilhjalmur@mbl.is

Lýfjameðferð verður skilvirkari og aukaverkanir minni, segir Már Mátsson, prófessor í lyfjaefnafræði við Háskóla Íslands, um tilkomu svokallaðrar nanólyfjatekni.

Nanóefni innihalda örsmáar agnir og geta ferðast um líkamann inn og út um æðaveggi og frumur. Fjallað var um þessa tækni á ráðstefnu í Landspítala í tilefni af alþjóðlegum Nano World Cancer degi. Már fjallaði þar um þróun á nanólyfjum.

„Í dag eru komin á markað tiltölulega einföld nanólyf en þau bæta engu að síður árangur meðferða töluvert. Flóknari efnin er verið að rannsaka og við eigum eftir að sjá þau á næstu árum og áratugum.“

Már segir vísindamenn sjá fyrir sér lyf sem hægt er að stjórna og síðan örva þegar það er komið inn í krabbameinsæxli.

„Við erum alltaf að komast nær þessari framtíðarsýn, hún verður fyrr en síðar að veruleika. Þróuð efni sem koma okkur á þetta stig eru í rannsókn í dag.“ »20



Morgunblaðið/Golli

Vísindi Rætt um jáeindaskanna og nanólyfjatekni á Landspítalanum.

Leiðandi fyrirtæki í afþreyingu renna saman

● Beðið állits Samkeppniseftirlitsins

Eigendur tveggja fyrirtækja sem eru leiðandi í afþreyingarhluta ferðaþjónustunnar, Arctic Adventures og Extreme Iceland, hafa náð samkomulagi um sameiningu fyrirtækjanna. Félögin sameinast undir merkjum Arctic Adventures og eignast núverandi eigendur Extreme Iceland hlut í hinu sameinaða fyrirtæki.

Gengið var frá samningum í gær. Þeir eru gerðir með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins og

niðurstöðu áreiðanleikakönnunar á báðum félögum. Samanlögð velta fyrirtækjanna er um fimm milljarðar kr. á ári og hjá þeim starfa um 250 starfsmenn.

„Félögin hafa vaxið mikið síðustu ár og hefur rekstur þeirra gengið vel. Ljóst er að sameinað fyrirtæki verður öflugt á sínu sviði og mun geta búið ferðamönnum upp á fjölbreytta afþreyingarmöguleika,“ segir Jón Þór Gunnarsson, forstjóri Arctic Adventures. helgi@mbl.is

Morgunblaðið

STOFNAÐ 1913

Útgáfufélag: Árvakur hf., Reykjavík.

Ritstjóri: Davíð Oddsson
Ritstjóri og framkvæmdastjóri: Haraldur Johannessen

Aðstoðarritstjóri: Karl Blöndal

Fylgja lýðræðinu fylgi það þeim

Það er dálítið sérstakt hversu grunnur er á virðingu fyrir lýðræðislegum niðurstöðum, hugnist niðurstöðan ekki þeim sem árum eða áratugum saman hafa þó flaggað ást sinni á lýðræðinu. Dæmi eru um slíkt hér á þessu góða landi og sum nýleg. Minnisstæðir er fyrir sem töluðu gjarnan eins og væru þeir umboðsmenn þjóðarinnar, þótt aldrei fengju þeir fylgi. Sumir þeirra kröfðust þess að niðurstæða atkvæðagreiðslu um spurningaleik tengdan vinnu að því að kollvarpa stjórnarskránni yrði talin bindandi, þótt hún stæðist ekki lagaskilyrði. Verra var þegar Jóhönnu-stjórnin ákvað að hún myndi niðurstöðu Hæstaréttar Íslands sem ógilti almenna kosningu. Og enn lakara þegar ítrekað var reynt að koma Icesave-samningum á þjóðina, þótt afgerandi afstaða hennar lægi fyrir.

Nú birtast dæmin erlendis. Bandarískir demókratar virðast ekki geta sætt sig við að hafa tapað kosningum til beggja þingdeilda Bandaríkjaþings og Hvíta húsinu að auki. Vissulega kom það fleirum en þeim á óvart að Donald Trump sigraði í forsetakosningunum. Sú varð niðurstöðan og þýðir ekki að hanga á kenningu um að Trump hefði tapað ef kosningareglur væru aðrar en gilt hafa í rúm 200 ár.

Sama tilhneiging sýnir sig í Bretlandi. Þar unnu útgöngumenn úr ESB svokallaða „Brexit“-þjóðaratkvæði. Sú útkoma varð önnur en flestir höfðu spáð. En það ríkir enginn vafi á niðurstöðunni. Samt leita sumir þeirra sem urðu undir logandi ljósi að aðferð til að hafa niðurstöðuna að engu.

Í hópi þess fólks eru einstaklingar sem hefði með réttu verið misboðið ef ýjað hefði verið að því áður að þar væru andlýðræðisinnar. En nú ráða þeir ekki við sig.

Til atkvæðagreiðslunnar var boðað með lögmætum hætti. Forsætisráðherra

Það vekur umhugsun að sjá ítrekað hversu grunnur lýðræðisviljinn liggur hjá sumum

landsins hafði lofað þjóðaratkvæðinu fyrir kosningar, sem hann vann. Hann komst ekki hjá því að efla það loforð og bar til-

lögu um atkvæðagreiðsluna undir hið sögufræga þing Breta. Þar varð mun minni ágreiningur um málið en gert hafði verið ráð fyrir. Tillagan gekk út frá að fá bindandi niðurstöðu þjóðarinnar um málið. Sú tillaga var samþykkt með öflugri meirihluta en nokkurn hafði óráð fyrir, því 544 þingmenn greiddu atkvæði með en aðeins 53 þingmenn voru á móti. Í ákvörðun þingsins var gert ráð fyrir því að færni þeir sem vildu úrsögn með sigur af hólmi skyldi 50. grein ESB-sáttmálsins virkjuð, eins og ber að gera vilji aðildarríki segja sig úr sambandinu. Þrátt fyrir niðurstöðuna hófst barátta fyrir því sjónarmiði að málið yrði að ganga aftur til þingsins til endanlegrar afgreiðslu áður en hægt væri að hefja úrsagnarferlið.

Þeir sem börðust fyrir þessu og leituðu til dómstólanna leyndu því ekki að félli dómur þeim í vil treystu þeir því að þingi myndi fara á svig við niðurstöðu í þjóðaratkvæðinu sem svo afgerandi meirihluti sama þings hafði efnt til.

Niðurstæða dómstólsins varð nokkuð óvænt sú að málið skyldi borið undir þingið á ný. Það gerði forsætisráðherra á einum vikum síðar. Þegar í stað hófst ákafur áróður fyrir því, með sérkennilegum röksemdum, að þingið hafnaði beiðni ráðherra um að fá að tryggja að þjóðarviljinn næði fram að ganga.

Frumvarp forsætisráðherra var þó samþykkt og það með mjög afgerandi hætti, með 444 atkvæðum gegn 114.

Mikill meirihluti þeirra sem barist höfðu ákaft gegn úrsögn höfðu lýðræðislegan styrk til að virða niðurstöðu þjóðarinnar. En ekki allir, eins og þessar atkvæðatölur sýna. Það eru ekki allir lýðræðissinnar þótt þeir sitji á þjóðþingum lýðræðisríkja. Það er dapurlegt.

Betri greining og nákvæmari lyf

SVIÐSLJÓÐ

Vilhjálmur A. Kjartansson
vilhjalmur@mbl.is

Nanólyfjatekni hefur breytt miklu í lyfjaméðferð og á eftir að breyta mjög miklu, segir Berglind Eva Benediktsdóttir, lektor í lyfjagerðafræði við Háskóla Íslands, en hún flutti erindi á Nano World Cancer Day sem haldinn var í húskynnum Landspítalans við Hringbraut í gær.

„Hægt er að gefa sjúklingum öruggari meðferð og minni skammt en það dregur verulega úr aukaverkunum. Þetta er því í stuttu máli skilvirkari meðferð og færri aukaverkanir.“

Spurð hvernig nanólyfjatekni virki og hversu langt þróun á þessum tegundum lyfja og meðferða sé komin segir Berglind að hér sé til samlikningar hægt að hugsa sér stýriflaug sem hittir ákveðið skotmark í stað þess að taka út heilt svæði.

„Nanóefni eru hönnuð með það í huga að geta verkað á svokölluðu sub-cellular stigi en þá erum við að nýta okkur sérstaka eðlis-, efna- eða líffræðilega eiginleika nanóefna. Í stað þess að t.d. krabbameinslyf fari um alla vefi líkamans og hafi áhrif á heilbrigðar frumur í öðrum vefjum þá fer það sérstaklega bara á krabbameinið sjálft og virkar þar.“

Berglind segir að fyrsta lyfið í þessum flokki hafi komið fram fyrir rúmum 20 árum eða árið 1995. Frá þeim tíma hafa orðið miklar framfarir, þónokkur lyf komin á markað og gífurlegur fjöldi í þróun.

„Í dag erum við að skoða flóknari lyfjaform og getum þá orðið enn sértækari og nákvæmari í okkar meðferðarúrræðum.“

Fram kom í fyrirlestri Berglindar að 49 nanólyf hafi verið sett á markað árið 2013 og í dag séu yfir 230 lyf í klínískum prófunum og þar af séu um 70 í krabbameinslækningum.

„Þetta er ekki eingöngu nýtt í krabbameinslækningum þó það sé kannski stærsta einstaka sviðið sem verið er að rannsaka. Verið er að þróa nanólyf við t.d. Alzheimer, gigtar-sjúkdómum og hvers konar bólgusjúkdómum svo eitthvað sé nefnt.“

Nákvæmari greining

Auk fyrirlestrar um nanótækni og ný tækifæri í greiningu krabba-



Morgunblaðið/Frikki

Fyrirlestur Berglind Eva Benediktsdóttir, lektor í lyfjagerðafræði við Háskóla Íslands, flutti erindi um nanólyfjatekni, virkni hennar og þróun.



Visindin Horft inn í hringhraðal sem er hluti jáeindaskanna.

meina og í krabbameinslækningum var jafnframt verið að kynna þá möguleika sem felast í tilkomu jáeindaskanna á Íslandi.

„Hér er um gríðarlega mikið stökk að ræða í greiningu frá því sem við þekkjum í dag. Talað er um margfalt nákvæmari greiningu, eða tugum sinnum betri greiningu,“ segir Garðar Mýrdal, forstöðumaður geislaeðlisfræðideildar LSH.

„Þetta eykur mjög nákvæmni í staðsetningu og gefur okkur mun betri upplýsingar um það hvort t.d. krabbamein er byrjað að breiða úr sér eða er staðbundið. Slík greining hefur svo áhrif á ákvörðun um meðferðarleið, þ.e. hvort farið er í lyfjaméðferð, geislameðferð eða uppskurð. Núna eru bæði skurðaðgerðir og geislameðferðir svokallaðar staðbundnar meðferðir en lyfjaméðferð

nær til alls líkamans og er því frekar beitt ef sjúkdómurinn er farinn að dreifa sér. Aukin nákvæmni í greiningu hjálpar því í allri ákvörðunartöku sem aftur hefur áhrif á meðferð og líðan sjúklings.“

Í Danmörku fara fram hátt í 40 þúsund rannsóknir með jáeindaskanna að sögn Garðars sem telur, til samanburðar, að þær verði um 2000 hér á landi.

„Við erum að senda um 200 sjúklinga á ári til Kaupmannahafnar svo þetta eykur mjög aðgengi og möguleikann að beita þessu fyrir sjúklingum sem oft eru mjög veikir.“

Mikilvægt fyrir rannsóknir

Í fyrirlestri sínum kom Garðar inn á möguleikann á vísindarannsóknunum.

„Tvímælaust er þetta tækifæri fyrir vísinda- og fræðasamfélagið. Það eru metnaðarfullir vísindamenn tengdir háskólum og fyrirtækjum á Íslandi sem vilja gera spennandi hluti en skanninn opnar á markvissar rannsóknir á ýmsum sviðum. Ég nefni sem dæmi rannsóknir á litlum dýrum í krabbameinsrannsóknunum og lyfjagerðafræðisrannsóknunum.“

Garðar benti einnig á mikilvægi þess að efla þekkingu og færni á sviðum sem jáeindatekni og notkun hennar byggist á. Þá sagði hann að íslenskir heilbrigðisstarfsmenn og rannsakendur þyrftu að gera sér grein fyrir möguleikum tækninnar.

Styrkur, von og samkennd

Lítil þjóð syrgir. Lítil þjóð syrgir Birnu Brjánsdóttur, unga konu, sem fékk ekki að verða eldri, sem fékk ekki að njóta hæfileika sinna lengur, sem fékk ekki að upplifa svo ótal margt sem lífið hefði getað veitt henni.

Hún verður borin til grafar í dag. Fæst okkar höfðu persónuleg kynni af Birnu á hennar stuttu ævi. Líklega þekktu hana álfka margir og hverja aðra manneskju á hennar aldri, hún átti fjölskyldu, vini, skólafélaga, kunningja, vinnufélaga og nágiranna. Fæst okkar eru í þeim hópi.

En við syrgjum hana samt, þó að sú sorg sé með allt öðrum hætti en sorg þeirra sem þekktu hana og stóðu henni næst. Við syrgjum hana vegna þess að okkur er ekki sama um annað fólk. Vegna þess að það nistir okkur í hjarta-stað að líf fólks skuli enda á þennan hátt. Vegna þess að okkur finnst svo óskaplega ósanngjarn þegar ungt fólk deyr ótímabærum dauðdaga.

Tvítug lífsglöd stúlka fer út að skemmta sér með vinum sínum á föstudagskvöldi, dansar, fær sér að borða og heldur svo heim á leið. Sama hegðunarmynstur og hjá mjög mörgum íslenskum ungmönnum um helgar. En munurinn á Birnu og öllum hinum er að hún skilaði sér ekki heim.

Flest höfum við einhvern tímann óttast um einhvern sem kom ekki heim þegar til stóð. Þetta hefði getað verið

Pistill



Anna Lilja Þórisdóttir

hver sem er; dóttir, systir eða vinkona. Þetta hefði líka getað verið sonur, bróðir eða vinur. Umfangsmesta leit sem gerð hefur verið hér á landi hófst, vinnubrögð og viðhorf lögreglu einkenndust af fagmennsku og nærgætni og það sama má segja um starfsfólk flestra fjölmiðla, sem stóðu sig vel við að feta stigið á milli þess að flytja upplýsandi fréttir af þessu viðkvæma máli og að sýna tilhlýðilega virðingu.

Átta dögum síðar fannst hún svo látin. Þegar Birnu var enn leitað skrifaði Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, á Facebook-síðu sína að samhugur, stilling og vilji til að láta gott af sér leiða skipti mestu. Varast skyldi allt sem gæti sært þá sem síst skyldi eða alið á forðomum og tortryggni. „Stöndum áfram saman, Íslendingar, sýnum styrk, von og samkennd,“ skrifaði Guðni.

Við sem ekki þekktum Birnu höfum fengið að kynnast henni í gegnum hjartnæmar lýsingar fjölskyldu hennar og vna þar sem dregin er upp mynd af sjálfstæðri, glaðlyndri, félagslyndri og vel gerðri stúlku. Ómögulegt er að gera sér í hugarlund sorg nánustu aðstandenda hennar eða vna hennar. Líklega verður líf þeirra aldrei samt, en það er okkar allra að halda utan um þau. Við getum líka haldið áfram að láta okkur það varða þegar eitthvað hjátar á, jafnvel þó að við þekkjum ekki viðkomandi. Það er ein leiðin til að sýna minningu Birnu Brjánsdóttur virðingu. annalilja@mbl.is